

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vestur-
umdæminu, um að vatnsveitingamaður verði sendur
til vesturamtsins.

1870.
23. júl.

Með bréfi, dagsettu 22. febr. þ. á., hafð þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem bústjórnarfélag nokkurt, er stofnað hefir verið í Kolbeinstaða- og Hraunhreppum í Mýra- og Hnappadalssýslu, sækir um, að dómsmálastjórnin og hið konunglega landbústjórnarfélag vili hlutast til, og gjöra þær ráðstafanir, að einhver sá maður, sem kann til vatnsveitinga á engi og af, verði sendur til sýslunnar vorid 1870, til þess að leiðbeina mönnum í slíkum störfum, og að þetta verði gjört með sömu kjörum, og sendur var maður til suðuramtsins í fyrra.¹

Eftir að dómsmálastjórnin hafði sent hinu konunglega landbústjórnarfélagi bænarskrána, til þess að fá að vita, hvort það gæfi vísað á mann, sem væri hæfilegur til þessa starfs, og hvort það væri fánlegt til að leggja jafnmikið fé til þessa, og félagið veitti þeim vatnsveitingamanni, sem í fyrra var sendur til suðuramtsins, og látið það í ljósi, að hún væri þá fús til að styrkja þetta fyrirtæki á líkan hátt og hitt í fyrra, hefir félagið nú gefið oss til vitundar, að það sè fúst á að leggja nokkuð til þessa á líkan hátt, og veittur var styrkur þeim vatnsveitingamanni, sem sendur var til suðuramtsins, en að það á hinn bóginn hafi ekki átt hægt með, að útvega nokkurn hæfilegan mann, þótt reynt hafi verið til þess, og að því muni vera réttast, að allt sè látið biða til næsta vors.

Þetta eruð þér, herra amtmaður, bednir að tilkynna þeim, sem hlut eiga að máli.

¹) Tilðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 616.